

LISTIR

Litlir kassar... allir eins?

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

BLÖNDUÐ TÆKNI
HANNES LÁRUSSON

Til 1. apríl. Opið daglega frá kl. 10–18.

SÝNINGIN Hús í hús í vestursal Kjarvalsstaða er í rökraenu framhaldi af öðrum verkum Hannesar Lárussonar frá síðustu árum. Skipanin er samsett úr ellefu módelhýsum, kofum eða skálum, sem minna töluvert á smáhýsi þau sem prýddu einmitt þennan sama sal fyrir ári eða svo, þegar heimspéktum arkitektum var boðið að hanna litil hús í anda alþýðlegra sumarskála í útjaðri evrópskra stórborga á 19. öld.

Skálarnir ellefu eru tengdir með köplum eftir hverjum upplestur Hannesar hleypur hús úr húsi. Orð, setningar, hendingar og stuttir textar berast innan úr einu húsi í sem. Til að fylgjast með upplestrinum þurfa gestir að ramba á réttan skála og opna dyrnar að honum. Innangurinn er þrengsti hluti vistarveranna og sá hinn eini sem sker sig úr því hver hurð er í sínum sérstaka lit. Eins og ætíð blandar Hannes sjálfur litina sem hann notar. Fyrir honum er blöndun lita ein af grundvallarathöfnum myndlistarmannsins.

Grunnform skálanna er ekki ósvipad lögun hylkis þess sem hýsir geimfara sem skotið er út fyrir gufuhvolfið. Innandyra er stigi upp á svefnloft, en hurðarhúnarnir eru í formi hnúajárns. Af svefnloftinu sést út um kúptan plastglugga, en þakið er gert að því er virðist úr álþynnum, ekki ósvipuðum þeim sem notaðar eru í offset-prentun dagblaða. Þá er framán á hverju húsi steypt málmausa með hreyfanlegu skafti í formi púka-hauss. Upp úr þakinu gægjast spjótsoðdar sem tákna eiga vafurloga. Önnur húshlið hvers skála er máluð líkt og um grófan krossvið væri að ræða, en hin hliðin er líkust hlöðnum múrsteinum. Og hvað skyldi þessi skipan svo fyrirstillta?

Næsta auðvelt er að geta sér til um

það hvað tala skálanna tákna. Í knattspyrnuliði eru ellefu manns svo líkast til er um liðsheild sé að ræða. Klefaform skálanna bendir þó til þess að liðsheildin sé ekki mjög mannbliðin. Í hverjum þeirra eru ástundadár klifkenndar einræður fjarri öllum félagsskap. Varla er hægt að verjast þeirri hugsun að um þjóðfélagsgagnrýni sé að ræða þar sem okkur Íslendingum er líkt við einangraða liðsheild þar sem hver þenur sig í sínu horni. Eins mætti skoða skipanina sem allegoríu, eða táknraent ígildi íslenska listaheimsins.

Annar veggur skálanna heldur varla vindi, ekki frekar en kofaræksni lötu grísanna sem úlfurinn blés um koll. Hinn veggurinn er eins rammgerður og steinhús atorkusama grísabróðurins sem bjargaði lettingunum tveim frá því að lenda í gini vargsins. Um ausuna og vafurlögann er erfiðara að spá. Þessi postmóðerníski skrautauki er ofhlæði eða langsótt viðbót án nokkurra viðhlitandi skýringa; eða hvað?

Styrkur Hannesar opinberar gjarnan veikleika hans. Rísmikilli skálahyrpingunni í vestursal Kjarvalsstaða, með áleitnum textaflutningi listamannsins – óboranlega áþekktum hreintunguþáttum Útvarpsins – sem gefur gestum meira en nægilegt fóður til heilabrota þar sem þeir þjóta frá einni hurð til annarrar, er ógnað af litlum, merkingarrýrum útúrdúrum. Þannig geldur hið markvissa fyrir fremur ólöglegar ausur og loga sem ógna sprengkrafti heildarinnar. Sem betur fer eru þessar viðbætur ekki nægilega áleitnar til að draga úr ágæti þorpsins sem heildar en þar er tilviljuninni ef til vill meira fyrir að þakka en ásetningi listamannsins. Alltént má finnstillt sjón starfsbræðra Hannesar ekki við svona samræmisskelfi.

Þeir geta þó skekið úr sér hrollinn yfir ágætri sýningarskrá sem rekur feril Hannesar í þrýðilegum texta Gunnars J. Árnasonar, fagurfræðings, og endar á nokkur konar rúsinu í pylsuendanum; dúkkulískskála í



Skálahorp Hannesar Lárussonar í vestursal Kjarvalsstaða.


Morgunblaðið/Sverrir

smækkaðri mynd með öllu tilheyrandi. Þar er meira að segja listamaðurinn sjálfur íklæddur sérkennilegum fangabúningi með fjórðera

derhúfu; bráðsmellinni táknmynd ístöðulauss eltingarleiks okkar við skyndilausnir og einnota frelsunar-kenningar. Af þessu má ráða að sýn-

ing Hannesar er alltof margræð til að framhjá henni verði gengið.

Halldór Björn Runólfsson



Opið í dag

sunnudag kl.1-5

ÚTSALA

Enn meiri verðlækkun á útsöluinni

Allt að
70%
afsláttur

Þú getur gert góð kaup á þessari útsölu...

...enn er mikið til af vönduðum og spennandi vörum á miklum afslætti.

Nýtt kortatímabil

eva

Laugavegi 91,
2 hæð, sími 562 0625

Loksins loksins - GOLF - útsala

Allt að 50% afsláttur

Dæmi:

PING TiSI dræver...kr. 39.000

Footloy skórkr. 5.900

Titleist 990 golfsett kr. 69.000

Dæmi:

Ozone trékylfurkr. 3.000

ZO-ON barnarengalli

jakki + buxurkr. 8.500

GOLFBÚÐIN, Strandgötu 28, Hafnarfirði, símar 565 1402, 898 6324

ENSKA ER OKKAR MÁL



Ensku talnámskeið

Einnig önnur

fjölbreytt enskunámskeið

Kennsla í Reykjavík, Selfossi og á Akureyri

Innritun
í fullum
gangi



Julie Ingham



Sandra Eaton



Edward Rickson



Susannah Hand



Joon Fong



Susan Taverner

Hringdu í síma

588 0303

FAXAFENI 8

www.enskuskolinn.is
enskuskolinn@isholf.is